

Íþróttá- og tómstundaskrifstofa Reykjanesbæjar



Starfsáætlun 2002.



Mottó ársins 2002:
Fólk í fyrirrúmi





<i>Formáli</i>	3
1. <i>Íþróttá- og tómstundamál í Reykjanesbæ</i>	3
2. <i>Íþróttamannvirki</i>	3
3. <i>Fjörheimar/Útideild</i>	4
4. <i>Starfsáætlun Útideildar</i>	5
5. <i>Tómstundastarf eldri borgara</i>	6
6. <i>Leiksvæði</i>	7
7. <i>Vinnuskólinn</i>	8
8. <i>Vinabæjáiþróttamót</i>	9
9. <i>Afreks- og styrktarsjóður</i>	9
10. <i>Tómstundasjóður</i>	9
11. <i>Rekstrarsamningar</i>	9
12. <i>Framkvæmdasamningar</i>	9
13. <i>Forvarnarmál</i>	10
14. <i>Forðagæslumál/dýravernd</i>	10
15. <i>Framkvæmd hátíðahalda</i>	10
<i>Lokaorð</i>	11



Formáli

Við gerð þessarar starfsáætlunar þykir eðlilegt að taka mið af þeim stefnumótunarpáttum sem fyrir liggja til nokkurra ára, sérstaklega þar sem ekki er tilgreint við hvern þátt hvenær hann hefst og hvenær honum skal lokið.

Sumir þættir eru í eðli sínu þannig að þeir eru viðvarandi allt árið og jafnvel öll árin, en á þeim er hnykkþegar þurfa þykir.

Eftirfarandi markmið, leiðir og aðgerðir til að ná þessum markmiðum eru hluti af þeirri stefnumótunavinnu sem tengjast Íþróttá- og tómstundaskrifstofunni og verða höfð að leiðarljósi á árinu 2002:

1. Íþróttá- og tómstundamál í Reykjanesbæ.

Stefnumótun 2001-2005

Markmið

Reykjanesbær verði þekktur fyrir öflugt og framsækið íþróttá-, tómstunda- og forvarnarstarf.

Leiðir

- Virk þátttaka ungs fólks í íþróttum og félagsstarfi gefi þeim einingar sem metnar verði í skólasterfi.
- Hafin verði starfsemi knattspyrnskóla í samstarfi við Fjölbrautaskóla Suðurnesja og Reykjanes-hallarinnar.
- Kröfur um menntun og hæfni þjálfara og leiðbeinenda verði skilgreindar.
- Samræmd uppeldisstefna íþróttá- og tómstundafélaga og bæjarins.
- Félags- og menningarmiðstöð fyrir ungt fólk, 16 ára og eldri.
- Komið verði á laggirnar eftirfylgdarþjónustu fyrir unglinga 16-18 ára til að koma í veg fyrir að einstaklingar flosni bæði úr skóla og vinnu.
- Forvarnaverkefningu „Reykjanesbær á réttu róli“ verði viðhaldið.

Aðgerðir

- Gerður verði samstarfssamningur við skólaskrifstofu um viðurkenningu fyrir virka þátttöku ungs fólks í íþróttum og félagsstarfi.
- Unnið verði að stofnun knattspyrnubrautar við F.S.

2. Íþróttamannvirki

Fólk

Í lokaorðum þessarar áætlunar er fjallað sérstaklega um framkvæmd á kjörorðum ársins 2002 þ.e. **“fólk í fyrirrúmi”**.

Lögð verður áhersla á hinn mikilvæga þátt starfsfólks íþróttamannvirkja og félagsmiðstöðva í starfseminni, þjónustulund þeirra og starfsánægju.

Framkvæmdir

Auk almenns viðhalds hvers mannvirkis verður stuðst við framkvæmdaáætlun TÍR 2002 sem samþykkt hefur verið af bæjarstjórn. Umhverfis- og tæknisvið hefur tekið saman helstu framkvæmdaþætti (sjá starfsáætlun þess bls. 7 liður 2.1.10). Heildarkostnaður vegna viðhalds og framkvæmda við íþróttamannvirki bæjarins er áætlaður um 75 milljónir króna á árinu 2002.



3. Fjörheimar/Útideild

Á því dagatali sem Fjörheimar hafa gefið út og gildir til 1. júní 2002 eru aðeins taldir upp þeir viðburðir sem flokkast ekki undir almenna opnun.

Á heimasíðu Fjörheima <http://www.gjorby.is/fjorheimar/> kemur m.a. eftirfarandi fram:

Félagsmiðstöðin Fjörheimar er félagsmiðstöð fyrir alla unglinga í Reykjanesbæ þ.e. alla sem eru í 8. til 10. bekk í Heiðar-, Holta-, Myllu- og Njarðvíkurskóla. Fjörheimar eru opnir mánudaga - fimmtudags frá 14:00 til 17:00 að og á miðvikudagskvöldum er opið frá 19:30 til 21:30 að vetri til en sumaropnunin er á miðvikudagskvöldum frá 20:00 til 22:00.

Áætlað er að starfið verði með hefðbundnu sniði sumarið 2002 þ.e. samvinna við Vinnuskólann um Sumarfjör, sem er fyrst og fremst ætlað nemendum í 7. bekk.

Tómskundagatal Fjörheima vorönn 2002									
Heimasíða Fjörheima www.gjorby.is/fjorheimar									
	Janúar		Febrúar		Mars		Apríl		Mái
1.þri		1.fös	Feróalag unglingaráós	1.fös	Fjöreggjaferðalag	1.mán	Annar í páskum	1.mið	Verkalýðsdagurinn
2.mið		2.lau	Feróalag unglingaráós	2.lau	Fjöreggjaferðalag	2.þri		2.fim	
3.fim	Fjörheimar opna!!	3.sun		3.sun	Fjöreggjaferðalag	3.mið	Bara-kvöld	3.fös	Sundteiti 02
4.fös	Óvissuferð starfsfélis	4.mán	Billiardklúbbur 19:30	4.mán	Billiardklúbbur 19:30	4.fim		4.lau	
5.lau		5.þri		5.þri		5.fös	Djúpa laugin í beinni.	5.sun	
6.sun	Prettándinn - Skráðganga	6.mið	Bara - fjöreggjakvöld	6.mið	Bara - kvöld	6.lau		6.mán	
7.mán		7.fim		7.fim		7.sun		7.þri	
8.þri		8.fös	Uppskeruhátíð Fjörheima	8.fös	SAMFÉSBALL	8.mán	Gólfteinnsmót Fjörheima	8.mið	Bara - kvöld
9.mið	Fundur Fjöreggjaliða	9.lau		9.lau	Íslandsm keppni í billiard	9.þri		9.fim	Uppstigningardagur
10.fim		10.sun		10.sun		10.mið	Bara - kvöld	10.fös	
11.fös		11.mán	Billiardklúbbur 19:30	11.mán	Billiardklúbbur 19:30	11.fim		11.lau	
12.lau		12.þri	Foreldrafundur Fjöreggja	12.þri		12.fös	Ball	12.sun	
13.sun		13.mið	Bara - fjöreggjakvöld	13.mið	Bara - kvöld	13.lau		13.mán	
14.mán	Próf í Njarðvíkurskóla &	14.fim		14.fim		14.sun		14.þri	
15.þri	Heiðarskóla	15.fös	Fjöreggja-stelpunótt 02	15.fös		15.mán	Viltu vinna milljón kvöld?	15.mið	Bara - kvöld
16.mið	Próf í Njarðvíkurskóla &	16.lau		16.lau		16.þri		16.fim	Forvarnar & fræðslukvöld
17.fim	Heiðarskóla	17.sun		17.sun		17.mið	Bara - kvöld	17.fös	
18.fös	Ball í Fjörheimum	18.mán	Próf í Holtaskóla &	18.mán	Billiardklúbbur 19:30	18.fim		18.lau	
19.lau		19.þri	Myllubakkaskóla	19.þri		19.fös		19.sun	Hvítasunnudagur
20.sun		20.mið	Próf í Holtaskóla &	20.mið	Bara - kvöld	20.lau		20.mán	Annar í hvítasunnu
21.mán	Gettu betur kvöld	21.fim	Myllubakkaskóla	21.fim	Árshátíð ??	21.sun		21.þri	
22.þri	Söngkeppni Samsuð	22.fös		22.fös		22.mán	Samræmd próf	22.mið	Bara - kvöld
23.mið	Bara - fjöreggjakvöld	23.lau		23.lau		23.þri	Samræmd próf	23.fim	
24.fim		24.sun		24.sun	Pálmasunnudagur	24.mið	Samræmd próf	24.fös	Lokahóf Fjörheima
25.fös		25.mán	Billiardklúbbur 19:30	25.mán		25.fim	Sumardagurinn fyrsti	25.lau	
26.lau	Söngkeppni SamFés	26.þri		26.þri		26.fös	Samræmd próf	26.sun	
27.sun		27.mið	Loka - fjöreggjakvöld	27.mið		27.lau		27.mán	Lokapróf í grunnskólum
28.mán	Billiardklúbbur 19:30	28.fim		28.fim	Skírdagur	28.sun		28.þri	Reykjanesbæjar
29.þri		29.fös		29.fös	Féstudagurinn langi	29.mán	Samræmd próf	29.mið	
30.mið	Bara - fjöreggjakvöld			30.lau		30.þri	Samræmd próf	30.fim	
31.fim				31.sun	Páskadagur			31.fös	
	Síminn í Fjörheimum er 421-2363 421-4222 & 898-1394			e-mail: fheimar@sinnet.is		Kvöldstarf; 19:30-21:30 Ball á fæsti; 20:30-23:30			
	Fjörheimar áskilja sér rétt til að breyta dagskránni ef að með þarf.								



4. Starfsáætlun Útideildar

Starfsáætlunin felst í því að framfylgja markmiðum hennar.

Mottó Útideildar: Trúnaður endar við lögbrot

Útideildin hóf starfsemi sína í bæjarfélaginu veturinn 1991. Útideildin heyrir undir Tómsunda- og íþróttaráð Reykjanesbæjar. Starfsmenn Útideildar eru jafnframt starfsmenn í félagsmiðstöðinni Fjörheimum. Tveir starfsmenn eru á vakt sem hefst kl. 23:30 á föstudags- og/eða laugardagskvöldum og eru fram á nótt - svo lengi sem þurfa þykir.

Markmið Útideildarinnar eru að:

- ♣ starfa á vettvangi þar sem unglingsarnir eru hverju sinni með það að markmiði að kynnast unglingsunum og skapa gagnkvæmt traust.
- ♣ safna saman upplýsingum sem gefa mynd af núverandi lífsskilyrðum ungmenna og koma þeim á framfæri við samstarfsaðila.
- ♣ stuðla að því að reglum um útivistartíma sé framfylgt í samstarfi við lögreglu, foreldrafélög og barnaverndaryfirvöld.
- ♣ beita þrýstingi til að leysa upp óæskilega hópamyndun eftir að útivistartíma lýkur og sporna gegn óæskilegri hegðun. (Beitt er úrtölum og afskiptum og setur eftirlitið sig í samband við forráðamenn ef við verður komið).
- ♣ benda lögreglu á eftirlitslaus samkvæmi og kalla til barnaverndaryfirvöld ef þurfa þykir.
- ♣ leita uppi hópa og einstaklinga sem þurfa á stuðningi/aðstoð að halda.
- ♣ hvetja þá unglingsa sem þurfa að nýta sér þau úrræði sem eru í boði til að fá viðeigandi hjálp.
- ♣ vekja áhuga unglingsa á að stunda skóla, vinnu, tómstundir, jákvætt lífverni og efla félagsþroska.

Starfshættir

Starfsemi Útideildar fer að mestu fram á föstudagskvöldum frá kl. 23:30 og fram á nótt. Ávallt eru tveir starfsmenn á vakt og hafa þeir til umráða bíl og GSM síma (891-9101). Ekið er um bæinn og farið á þá staði sem unglingsar safnast saman. Einnig er fylgst vel með vínveitingahúsum bæjarins og lögreglustöð heimsótt. Útideildin heldur skýrslur yfir helstu atriði meðan á eftirliti stendur. Til er staðlað form þar sem eftirfarandi þættir koma fram:

- ♣ hvenær eftirlit er hafið og það tilkynnt um leið til lögregluvarðstjóra með upplýsingum hverjir eru á vaktinni og símanúmer starfsmanna.
- ♣ hvaða foreldrar eru mættir fyrir hönd foreldrafélaga.
- ♣ aðstæður á vettvangi og nöfn þeirra sem helst eru á vettvangi. Afskipti og hvað er til athugunar og eftirfylgdar síðar.
- ♣ tilkynnt til lögreglu að eftirliti sé hætt.



Samvinna við lögreglu

Útídeildin miðlar upplýsingum til lögreglu og vekur athygli á málum er varða unglunga og nýttist lögreglu í starfi. Útídeildin starfar á vettvangi með lögreglu í málefnum er varðar aldurstakmarkanir á vínveitingahúsum. Ástandsfundir með lögreglu eru haldnir mánaðarlega. Þar skiptast menn á skoðunum um ástand í málefnum barna og ungmenna og leitast við að setja upp fyrirbyggjandi aðgerðir sé þess þörf.

Samvinna við barnaverndaryfirvöld

Náið samstarf er milli barnaverndaryfirvalda og Útídeildar. Barnaverndaryfirvöld fá reglulega ábendingar um þau málefni sem Útídeild telur rétt að vekja athygli á.

Samvinna við foreldrasamtök og skóla

Útídeild kynnir starfsemi sína á aðalfundi foreldrafélaganna ár hvert. Útídeildin hefur samband við fulltrúa foreldrafélaga vegna foreldraröls í upphafi hverrar vaktar og skiptist á upplýsingum er geta komið að gagni. Útídeildin lætur skólum upplýsingar í té ef þess er óskað. Útídeildin kynnir starfsemi sína í efstu bekkjardeildum skólanna ár hvert.

5. Tómstundastarf eldri borgara

Við byrjum árið 2002 á hefðbundinn hátt, með öllum þeim föstu liðum sem eru á stundaskránni okkar:

- ♣ Almenn handavinna fjóra daga í viku, einu sinni í Selinu, þrisvar í Hvammi.
- ♣ Leikfimi tvisvar í viku í Íþróttahúsinu við Sunnubraut.
- ♣ Glerlistaklúbbur einu sinni í viku.
- ♣ Glerlistanámskeið á þriðjudögum.
- ♣ Leirklúbbur einu sinni í viku.
- ♣ Leirmótunarnámskeið, á miðvikudagsmorgnum.
- ♣ Keramiknámskeið í gangi alla miðvikudaga.
- ♣ Silkimálun á fimmtudagsmorgnum.
- ♣ Boccia tvisvar í viku í kjallara Sundmiðstöðvarinnar.
- ♣ Bingó einu sinni í viku í Hvammi.
- ♣ Ballskák tvisvar í viku í félagsmiðstöð unglunga, Fjörheimum.

Auk þessara föstu liða erum við að fara af stað með bútasaumsnámskeið.

Í mars verður útskurðarnámskeið og í apríl verður myndmenntanámskeið (vatnslitir). Tölvunámskeið er í boði ef næg þátttaka fæst. Í maí verður síðan handverkssýning þar sem um 100 eldri borgarar sýna verk sín. Handverkssýning er haldin annað hvert ár.

Á Öskudaginn ætlum við að taka þátt í Íþróttadegi aldraðra, sem haldinn er í Íþróttahúsinu Austurbergi í Breiðholti. Þar koma saman eldri borgarar af öllu stór- Reykjavíkursvæðinu, sýna leikfimi og dansa og leggja áherslu á að stunda holla hreyfingu.

Við endum síðan vorönnina með því að fara eina dagsferð okkur öllum til skemmtunar og fróðleiks.

Eftir sumarfrí hefjum við haustönnina, með þeim föstu liðum sem alltaf eru í gangi.



Auk þess setjum við upp lista með þeim námskeiðum sem við teljum að eldri borgarar hafi áhuga á að sækja. Á síðasta hausti vorum við með útsaumsnámskeið (harðangur og klaustur) tölvunámskeið bæði fyrir byrjendur og þá sem höfðu verið áður. útskurðarnámskeið, spænskunámskeið.

Öll þessi námskeið voru vel sótt og munum við bjóða upp á þau aftur ef næg þátttaka fæst.

Haustönninni lýkur með jólagleði sem Tómskundastarf eldri borgara, Kvenfélag Keflavíkur og Sparisjóðurinn hafa sameiginlega staðið að á undanfönum árum.

Starfsfólk Tómskundastarfs eldri borgara :

- ♣ Jóhanna Arngrímsdóttir forstöðumaður.
- ♣ Hrafnhildur Atladóttir yfirleiðbeinandi í handverkstæðinu Smiðjunni.
- ♣ Guðbjörg Marteinsdóttir leiðbeinandi.
- ♣ Elín Guðnadóttir leiðbeinandi
- ♣ Jóhanna Hermannsdóttir umsjónarmaður eldhúss Hvammi.
- ♣ Índíana Jónsdóttir eldhús Selínu og ræsting.
- ♣ Eygló Alexandersdóttir leikfímikennari.

Tekið saman í febrúar 2002
Jóhanna Arngrímsdóttir

Samvinna yngri og eldri í tómskundamálum

Á þessu ári er áætlað að auka enn frekar samstarf þeirra sem vinna í tómskundageiranum og innan frjálsra félaga.

Dæmi um hugmyndir sem upp hafa komið er svokallað **kynslóðabruáarmót** í pútti á milli félaga í Púttklúbbi Suðurnesja og grunnskólanemenda. Mikill áhugi er hjá eldri borgurum að bjóða krökkunum að koma í heimsókn í Röstina. Á sama hátt vilja krakkarnir ólmir keppa við eldri borgara í ballskák, en nokkrir eldri borgarar hafa stundað þá íþrótt af kappi í Fjörheimum undanfarna mánuði.

6. Leiksvæði

Í framhaldi af úttekt sem gerð var af Þjónustumiðstöð Reykjanesbæjar á ástandi leiktækja á opnum svæðum, verður haldið áfram á þessu ári að vinna að endurbótum á þeim og sérstök áhersla lögð á öryggisþætti leiktækjanna. Keypt hafa verið svonefnd jarð-anker til að festa niður fótoltamörk.



7. Vinnuskólinn

Eftirfarandi er tekið úr ársskýrslu Vinnuskólans 2001.

Starfsnám í samvinnu við Heiðarskóla

Vinnuskólinn og Heiðarskóli hafa nú í vetur unnið sameiginlega að verkefni sem við köllum Færni og áhugamiðað nám. Þetta verkefni er fyrir nemendur sem eru við það að flosna úr skóla og er gert samkomulag á milli skóla, nemanda og foreldra um starfsnám.

Hlutverk Vinnuskólans er að útvega nemandanum vinnustað sem tengist hans áhugasviði og greiða honum tímakaup fyrir vinnu hans þar. Um er að ræða vinnu í allt að 4 klukkustundir á viku samhliða námi. Í vetur eru sex nemendur úr 10. bekk í slíku starfsnámi á jafnmörgum vinnustöðum. Í haust var gert samkomulag til loka janúar, en svo vel hefur tekist til að ákveðið var að framlengja vinnu nemendanna á þessum vinnustöðum til vors. Í fyrra var þetta í fyrsta skipti gert til reynslu sem var mjög góð og því ákveðið að halda þessu áfram.

Lokaorð

Í heild sinni má segja að starfsemi Vinnuskólans þetta árið hafi tekist vel. Undirbúningur fyrir næsta sumar er hafinn, en huga þarf vel að breytingum sem hafa átt sér stað í grunnskólunum. Nú er ljóst að skólastarf verður í öllum grunnskólunum til 8. júní og því ljóst að unglíngarnir koma ekki til vinnu fyrr en mánudaginn 10. júní. Þetta gerir það að verkum að ýmis störf sem Vinnuskólinn hefur unnið að t.d. fyrir sjómánadaginn og 17. júní færast nú yfir á fleiri herðar, þar sem tímínn er naumur. Þá þarf að huga að vinnutímabilum unglínganna en Vinnuskólanum lýkur 16. ágúst og því ljóst að fleiri unglíngar verða við vinnu á sama tíma. Þetta útheimtir fleiri flokksstjóra og einnig fleiri áhöld. Vinna er nú í fullum gangi við að mæta þessum breytingum.

Ragnar Örn Pétursson

forvarnar- og æskulýðsfulltrúi



8. Vinabæjaíþróttamót

Ákveðið hefur verið að taka þátt í vinabæjamóti sem verður í Kerava í Finnlandi dagana 22.-26. júní 2002. Keppt verður í sundi og er undirbúningur þegar hafinn í samvinnu við sunddeildirnar.

9. Afreks- og styrktarsjóður

Vinnuhópur á vegum TÍR er að endurskoða reglur og vinnureglur sjóðsins. Stjórn ÍRB er að vinna að tillögum um framkvæmd á greiðslum til þjálfara. Þessar tillögur verða lagðar fyrir TÍR á næstu vikum. Haft er að leiðarljósi hugmyndir ÍRB um “Betra félag-betri deild”.

10. Tómstundasjóður

Á árinu verður lögð áhersla á að hvetja enn og aftur hin ýmsu tómstundafélög til að mynda með sér bandalag; tómstundabandalag Reykjanesbæjar. Þessi hugmynd hefur verið kynnt bæði í staðarblöðum og á fundum og viðtölum við forystumenn tómstundafélaga. Ef af þessu verður yrði Reykjanesbær fyrsta bæjarfélagið með slíkt bandalag þar sem m.a. formaður þess ætti seturétt á fundum TÍR með málfrelsi og tillögurétt líkt og formaður ÍRB. Önnur “gulrót” til hvatningar stofnunar og síðar þátttöku í tómstundabandalagi ætti að vera sú að þau félög sem eru í þessu bandalagi hefðu ákveðinn forgang á styrkveitingar úr Tómstundasjóði.

11. Rekstrarsamningar

Gert er ráð fyrir að rekstrarsamningar verði með óbreyttu sniði í ár og undanfarin ár. Þó er áhugi fyrir því hjá TÍR að gera allt að 5 ára samning við knattspyrnudeildirnar um rekstur íþróttasvæða.

12. Framkvæmdasamningar

Framkvæmdasamningar við knattspyrnudeildirnar um uppbyggingu á knattspyrnusvæðum rennur út um næstu áramót. Unnið verður að því á árinu að fara yfir núverandi samninga og ljúka þeim með þeim hætti að báðir aðilar samnings verði sáttir. Ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um framhald á framkvæmdasamningi, en á þriggja ára áætlun, þ.e. 2003, 2004 og 2005 er gert ráð fyrir kr. 10.000.000.- til framkvæmdasamninga við hin ýmsu félög og klúbba.



13. Forvarnarmál.

Forvarnar- og æskulýðsfulltrúi er að vinna að forvarnarstefnu Reykjanesbæjar. Haft er að leiðarljósi að fulltrúar sem flestra félaga sem láta sig forvarnir varða komi að þeirri undirbúningsvinnu og að það takist að virkja “grasrótina”. Verkefnið Reykjanesbær á réttu róli er nú í endurskoðun hjá ÍRB og TÍR. ÍRB hefur sótt um styrk fyrir verkefnið úr Forvarnarsjóði.

Íþróttá- og tómstundaskrifstofa hefur einnig sótt um styrk í þennan sjóð til að standa straum af útgáfu á upplýsingariti um skaðsemi fíkniefna, einkenni og úrræði. Þetta rit er unnið í samvinnu við lögreglu, fjölskyldu- og félagsþjónustu bæjarins, Útideild og Fjörheima, skólaskrifstofu og stjórn foreldrafélaga grunnskólanna og er ætlað foreldrum grunnskólabarna í Reykjanesbæ.

Forvarnar- og æskulýðsfulltrúi bauð sig fram sem fulltrúi sveitarfélaga í starfshóp um endurskoðun á verkefninu Ísland án eiturlyfja. Þann 1. mars n.k. verður haldin lokaráðstefna um verkefnið.

Áframhald verður á þeim samráðsfundum sem haldnir eru mánaðarlega annars vegar með lögreglu, fjölskyldu- og félagsþjónustunni, íþróttá- og tómstundafulltrúa og forvarnar og æskulýðsfulltrúa og hins vegar með lögreglu, fjölskyldu- og félagsþjónustunni, Útideild og Fjörheimum og forvarnar og æskulýðsfulltrúa. Á þessum fundum er m.a. skipst á upplýsingum um ástand fíkniefnamála og almennt um útivistarmál unglinga.

14. Forðagæslumál/dýravernd

Gert er ráð fyrir að sambærilegur samningur verði gerður við forðagæslumann og undanfarin ár. Gerðir hafa verið samningar við heimamenn um eyðingu vargfugls, refa og minnka innan bæjarmarkanna.

15. Framkvæmd hátíðahalda.

Íþróttá- og tómstundaskrifstofa mun gera samninga um framkvæmd hinna ýmsu hátíðahalda bæjarins eins og undanfarin ár. Starfsmenn skrifstofunnar hafa sem fyrr eftirlit með þessum samningum, ásamt því að aðstoða eftir fremsta megni um margvíslega þætti hátíðahaldanna. Rætt hefur verið við skáta um samvinnu á hátíðahöldum á sumardaginn fyrsta. Hugmyndin er að þetta verði fyrst og fremst skátadagur, en um leið kynning á því góða starfi sem þar fer fram. Vegna ótryggs veðurfars hefur nýting á Reykjaneshöllinni þennan dag komið til tals. Aðrar skemmtanir eða hátíðahöld sem starfsmenn íþróttá- og tómstundaskrifstofu koma að með einum eða öðrum hætti eru:

- ♣ Þrettándagleði,
- ♣ öskudagur,
- ♣ þjóðhátíðardagur,
- ♣ lokahátíð Vinnuskóla,
- ♣ ljósanótt,
- ♣ tendrun jólatrjáa,
- ♣ jólahátíð starfsfólks bæjarins.
- ♣ tilfallandi skemmtanir/hátíðahöld og móttaka gesta..



Lokaorð

Fólk í fyrirrúmi

Með þetta kjörorð að leiðarljósi á árinu 2002 verður áfram boðið upp á “gagn og gaman” fyrir starfsfólkið. Hingað til hefur farið fram kynning og keppni í keilu, bogfimi og boccia og nú er stefnt að samþærilegri kynningu og keppni í pílukasti.

Ein aðalástæðan fyrir þessum samkomum er að fólk sem vinnur í mannvirkjum sem heyra undir íþróttá- og tómskundaskrifstofuna, fær tækifæri á að hittast og kynnast. Þekking þeirra á hinum ýmsu íþróttágreinum hefur auk þess reynst vel, t.d. í samskiptum við það fólk sem íþróttina stundar.

Lögð verður áhersla á menntun og starfsmenntun alls þess starfsfólks sem undir skrifstofuna heyrar.

Auk reglubundinna prófa hjá starfsfólki íþróttamannvirkja og þá sérstaklega sundlaugastarfsfólki, sem þau eru skuldbundin til að taka, mun á næstu vikum verða haldið skyndihjálparnámskeið fyrir starfsfólk í tómskundageiranum.

Stefnt er að því að framfylgja eins og kostur er því samningsatriði í kjarasamningi Starfsmannafélags Suðurnesja og Launaneftdar sveitarfélaga sem getið er um í kafla 10.2.1. um símenntun en þar segir:

Starfsmenn skulu eiga kost á að sækja fræðslu- eða þjálfunarnámskeið. Stefnt er að gerð símenntunaráætlunar fyrir allar stofnanir og/eða starfseiningar. Markmið þeirra verði að samræma áhuga starfsmanna fyrir símenntun heildarmarkmiðum stofnana /starfseininga. Þeir starfsmenn sem sækja fræðslu- eða þjálfunarnámskeið skulu halda reglubundnum launum á meðan og fá greiddan kostnað skv. ákvæðum 5. kafla.

Með vísan til greinar 10.2.1. skulu starfsmenn fá persónuálag vegna árlegrar þátttöku í símenntunaráætlun sem hér segir:

1 stig eftir 3 ára starf hjá sveitarfélögum eða við 30 ára aldur

Samtals 2 stig eftir 10 ára starf hjá sveitarfélögum eða við 35 ára aldur

Samtals 3 stig eftir 15 ára starf hjá sveitarfélögum eða við 40 ára aldur

Persónuálagshækkningar skv. símenntunaráætlun taka fyrst gildi **1. des. 2002.**

Íþróttá- og tómskundafulltrúi og forvarnar- og æskulýðsfulltrúi munu halda áfram í því námi sem þeir hófu s.l. haust í tómsunda- og félagsmálafræðum í Kennaraháskóla Íslands.

Gert er ráð fyrir að því námi ljúki vorið 2003. Það námsefni og ritgerðir sem unnar eru í þessu námi bæði af starfsmönnum skrifstofunnar og samnemendum þeirra verður sérstaklega kynnt starfsfólki í tómskundageiranum. Nú þegar hefur safnast saman hafsþjór af fróðleik, sem nýtist vel í tómskundastarfi á vegum Reykjanesbæjar.

Tekið saman í febrúar 2002.

Stefán Bjarkason

Íþróttá- og tómskundafulltrúi



Fylgiskjöl: Starfsáætlun Umhverfis- og tæknideildar 2002 bls. 7, 19 og 20.

Íþróttamannvirki

31-201-462-1	Íþróttahús Sunnubraut (Hurðir B 30)	Almennt viðhald	2.500.000
		Kröfur brunavarna	500.000
		Málun innanhúss	400.000
	A - salur	Nýtt þakjárn	5.700.000
	A - salur	Parketgólf	25.400.000
31-201-610-1	B – salur	Stækkun	24.500.000
		Samtals	<u>59.000.000</u>

06-512-462-1	Reykjaneshöllin	Almennt viðhald	Samtals <u>1.000.000</u>
--------------	-----------------	-----------------	--

31-203-462-1	Íþróttahús Myllubakkaskóla	Almennt viðhald	Samtals <u>500.000</u>
--------------	-------------------------------	-----------------	--------------------------------------

Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins gerði úttekt á Sundmiðstöðinni við Sunnubraut vegna þess að flísar hafa losnað af botni laugar, laugarbökkum og í anddyri.

Tekið var sýni úr botni laugarinnar og er niðurstaða þeirrar rannsóknar sú að ílögnin sé ónýt og líklegast þykir að rekja megi það til galla í sementinu. Brjóta þarf ílögnina upp og endurgera til þess að losna við áframhaldandi skemmdir. Sama vandamál virðist vera um listaverk Höllu Haraldsdóttur á hlið hússins.

31-221-462-1	Sundmiðstöð Sunnubraut (sprungur/flísar)	Almennt viðhald	2.500.000
		Viðgerðir	700.000
		Málun innanhúss	200.000
		Samtals	<u>3.400.000</u>

31-222-462-1	Sundhöllin í Keflavík (áfangi)	Almennt viðhald	1.000.000
	(innanhúss)	Málun innanhúss	300.000
		Lagfæring veggja	300.000
		Samtals	<u>1.600.000</u>



31-223-462-1	Íþróttamiðstöð Njarðvíkur	Almennt viðhald	2.500.000
	(áfangi)	Málun innanhúss	400.000
	(endurnýjun)	Neysluvatnslagnir	3.500.000
		Samtals	<u>6.400.000</u>
31-224-462-1	Íþróttamiðstöð Heiðarskóla	Almennt viðhald	Samtals <u>300.000</u>
06-611-462-1	Íþróttavallarhús Njarðvík	Almennt viðhald	Samtals <u>800.000</u>
Hjólabrettapallur			
06-611-851-1		Hjólabrettapallur í Innri-Njarðvík	Samtals <u>2.200.000</u>

16. Útboðsskrá 2002

Frágengnir samningar

Heiti	Verk		Áætluð verklok
Vatnsveitan	Þrýstiaukakerfi, I áfangi	Er í vinnslu	01.apríl 2002
Íþróttahús (B-salur)	Stækkun	Er í vinnslu	24.apríl 2002
Klettás	Ný íbúðargata í Grænási	Er í vinnslu	01.maí 2002



Myllubakkaskóli	Múrun og málun utanhúss	Er í vinnslu	15.ágúst 2002
Fráveitan	Lokafrágangur Njarðvíkurkerfis	Er í vinnslu	01.mars 2002
Stekkjakot	Samningur	Er í vinnslu	30.júní 2002

Útboð verklegra framkvæmda árið 2002

19

Heiti	Verk	Áætlað útboð	Áætluð verklok
Garðasel	Viðbygging og endurbætur	01. apríl 2002	01. sept. 2002
Íþróttahús Keflavíkur	Nýtt gólf , A – salur	15. apríl 2002	30. ágúst 2002
Íþróttahús Keflavíkur	Þakjárn	01. apríl 2002	01. ágúst 2002
Götur bæjarins	Malbik	15. feb. 2002	20. maí 2002
Hólabraut	Endurbygging götu	01 .mars 2002	30. júlí 2002
Austurbraut	Endurbygging götu	01. mars 2002	30. júlí 2002
Njarðargata	Endurbygging götu	01. mars 2002	30. júlí 2002



Njarðvíkurfitjar	Umhverfi og bílastæði	01. mars 2002	01. ágúst 2002
Götur bæjarins	Götumálning	01. mars 2002	20. maí 2002
Duus - hús	II. áfangi	01. apríl 2002	01. sept. 2002
Íþróttahús Njarðvíkur	Neysluvatnslagnir	01. mars 2002	30. júlí 2002
Hringbraut 57	Neysluvatnslagnir	01. mars 2002	01. júní 2002
Vatnsveitan	Þrýstiaukakerfi II. áfangi	02. jan. 2002	01. maí 2002
Hjólabrettapallur	Innri - Njarðvík	01. feb. 2002	01. maí 2002
Kirkjubraut	Endurnýjun á vatnslögnum	01. mars 2002	01. maí 2002
Eignir bæjarins	Vöktun aðvörunarkerfa	01. mars 2002	01. maí 2002